

h. s. Þótor  
Þótorinn

28. febrúar 1991

MINNISBLAD

Til: landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis  
Frá: Jóni Höskuldssyni,  
deildarstjóra, landbúnaðarráðuneytinu

v/FRV. til laga um Héraðsskóga.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort "Héraðsskógar" séu eða verði ný ríkisstofnun eða e.t.v. sjálfseignarstofnun. Fullyrða má að tilgangurinn með "Héraðsskógum" og þeirri leið sem valin er, þ.e. sérstök lög um verkefnið, er ekki að koma á fót nýrri ríkisstofnun. "Héraðsskógar voru í upphafi eins konar vinnuheimilis þessa verkefnis, en tilgangurinn er m.a. eins og fram kemur í 1. mgr. 1. gr. frv. að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er lýst og eru Héraðsskógar þannig "sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun", sbr. 2. mgr. 1. gr. frv., sem rekja má til ályktunar Alþingis frá 22. maí 1988.

Skv. þessu er um að ræða sérstakt og sjálfstætt verkefni á grundvelli áætlunar, sem hefur sjálfstæða stjórn, sem heyrir beint undir landbúnaðarráðherra og sérstakan fjárlagalið sem færður er beint undir landbúnaðarráðuneytið. Ábyrgð verkefnisins er ótvíræð landbúnaðarráðherra. Þessi leið var m.a. valin vegna afstöðu væntanlegra skógarbænda sem lögðust gegn beinni tengingu verkefnisins við Skógrækt ríkisins. Væri áætlunin að koma á fót sérstakri stofnun væri framsetningin án efa ekki með því móti sem að framan er lýst.

Framkvæmd verkefnisins hlýtur að ráðast af árlegum fjárveitingum Alþingis til þess.

Minna má á að ríkisstjórnin veitti verkefninu brautargengi með 12 mkr. aukafjárveitingu vorið 1989 og fjárveitingarvaldið með 15 mkr. fjárveitingu á fjárlögum 1990.

Meðfylgjandi er skipurit "Héraðsskóga".

Alþingi

Erindi nr. P 113 / 781

komudagur ~~18~~ / 3 19 71

Skipurit Héraðsskóga.

